

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárþingi ytra, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2003, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli m.v. einn poka á viku	9.065
b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	4.533
c) Sumarhús	3.022
d) Fyrirtæki m.v. eitt pokagildi á viku (margf. í gámum)	9.065
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald fyrir förgun sorps (annast sjálf leigu gáma og flutning á förgunarstað)	33.922

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 3. febrúar 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2003 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 19. febrúar 2003.

Hellu, 28. febrúar 2003.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.